

Nr. 867

24. október 2012

AUGLÝSING um skipulagsmál í Grindavíkurbæ.

Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis við Bláa lónið.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði við Bláa lónið skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið er 42 ha að stærð og afmarkast til suðurs af almennu útivistarsvæði, til vesturs og norðurs af þjóðvegi nr. 426, og til austurs af lóð lækningalindar Bláa lánsins og athafnasvæði HS orku.

Helstu breytingar frá fyrra skipulagi eru eftirfarandi:

Skipulagssvæðinu er skipt í þrjár lóðir, ein fyrir þjónustuhús, ein fyrir hótel og ein fyrir Bláa lónið, heilsulind.

Gert er ráð fyrir nýrri tengingu milli bílastæða og hóttellóðar.

Tjaldstæðið er fellt niður.

Gert er ráð fyrir staðkun lánsins.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 23. maí 2012. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis sem samþykkt var í bæjarstjórn 8. maí 1996.

Grindavík, 23. október 2012.

Ingvar P. Gunnlaugsson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 25. október 2012